



Borgarráð

Reykjavík, 10. júní 2025

MSS24010173

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis

Á fundi mannréttindaráðs þann 5. júní 2025, var lögð fram að nýju tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis. Jafnframt voru lagðar fram umsagnir frá Stígamótum dags. 25. mars, Hagsmunasamtökum brotaþola dags. 18. apríl, W.O.M.E.N samtökum kvenna af erlendum uppruna dags. 10. apríl og Kvenréttindafélags Íslands dags. 21. mars 2024, um tillöguna, sbr. 2. lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs frá 20. júní 2024.

Mannréttindaráð lagði fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Lagt er til að vísa tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis til endanlegrar afgreiðslu borgarráðs ásamt umsögnum hagsmunasamtaka um tillöguna.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ofangreindri tillögu var vísað til þáverandi Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sem aflaði umsagna hagaðila en frestaði frekari afgreiðslu. Í umsögnum kemur fram gagnrýnin sýn að áherslur innan verkswiðs ráðsins ættu fyrst og fremst að byggja á forvörnum frekar en samkeppni um listaverk. Fulltrúar samstarfsflokka í Mannréttindaráðinu taka undir mikilvægi forvarnarstarfs og valdeflingar þolanda en mæla með útfærslu verkefnisins á þeim forsendum. Árið 2025 er Kvennaárið þegar 50 ár eru liðin frá Kvennafrídegi þann 23. október 1975 og mikilvægt er að Reykjavíkurborg taki sýnilega þátt í þessu og gæti uppfærð útfærsla verkefnisins verið þáttur í því.

Fulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar tekur heilshugar undir mikilvægi þess að við sýnum þolendum ofbeldis samstöðu, hlustum á og bregðumst við reynslu þeirra. Hins vegar telur fulltrúinn ekki tímabært að reisa minnisvarða um ofbeldi sem enn er viðvarandi, þar sem við erum enn í miðjum átökum við að uppræta það. Minnisvarðar eru yfirleitt reistir til að minnast einhvers sem er að baki en baráttan gegn kynferðislegu ofbeldi er því miður enn óunnin. Í umsögnum sem borist hafa, meðal annars frá Stígamótum, Hagsmunasamtökum brotaþola og W.O.M.E.N., kemur fram skýr krafa um að fjármagn sé fremur varið í forvarnir, fræðslu, valdeflingu og úrræði fyrir bæði þolendur og þá sem beita ofbeldi. Fulltrúi Framsóknar deilir þeirri sýn. Ef setja á táknað skilaboð í almannarými, þarf það að vera hluti af stærra átaki sem beinist að rótum vandans, gerendum, kerfinu sem bregst og samfélagslegri gerendameðvirkni. Þá má geta þess að í ár er kvennaár og mögulega mætti huga að því að byggja minnisvarða um kvennafrídaginn 1975 til að marka þessi tímamót og minnast þessum merka baráttudegi.



Reykjavík



Óskað er því eftir að tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis ásamt umsögnum hagsmunasamtaka um tillöguna, sé tekin til afgreiðslu á vettvangi borgarráðs.

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Tillaga ásamt umsögnum hagsmunasamtaka



Reykjavík



Reykjavík, 24. janúar 2024

MSS24010173

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis

Á fundi borgarstjórnar þann 23. janúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna til meðferðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs:

Lagt til að borgarstjórn samþykki að haldin verði samkeppni um minnisvarða um #MeToo, fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis, áreitni og nauðgana, sem komið verði fyrir í landi Reykjavíkur.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna sat hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna lagði fram svohljóðandi bókun:

Með því að ávarpa kynferðislegt ofbeldi í opinberum rýmum erum við að krefjast þess af þeim sem eiga leið hjá og virða fyrir sér verk eða minnisvarða að velta fyrir sér því kerfislega kynferðisofbeldi sem á sér stað í samfélaginu okkar. Þannig getur hafist gagnrýnið samtal um þá normaliseringu sem fyrirfinnst á kynferðislegu ofbeldi, nauðgunum og áreitni í samtímanum. Í gegnum söguna hefur þetta sífellt verið þaggað niður og enn finnum við fyrir þögguninni í dag. Allt í kringum okkur, bæði hér heima og erlendis, eru stytur af merkilegum körlum. Hundruð þúsunda minnisvarða víða um heim eru tileinkuð körlum sem hafa lagt eitthvað til mannkynssögunnar. Sjaldan er konu eða konum og veruleika þeirra lyft upp í almannarýminu. Reynsluheimur kvenna hefur lengi verið ósýnilegur og enn eru öfl allt í kringum okkur sem vilja halda því þannig. Með því að búa til minnisvarða, listaverk eða minnisrými tileinkað þolendum kynferðislegs ofbeldis sendir Reykjavík skýr skilaboð: Reykjavíkurborg líður ekki kynferðislegt ofbeldi og áreitni og stendur með öllum þeim sem hafa þurft að þola það. Sterkast hefði verið að samþykkja tillögu Vinstri grænna í borgarstjórn frekar en að vísa henni til fagraðs þar sem afdrif hennar verða óljós.

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Kynbundið ofbeldi og áreitni er samfélagsmein sem mikilvægt er að vinna gegn með markvissum hætti. Meirihluti borgarstjórnar tekur það verkefni alvarlega og mun gera áfram. Sú hugmynd að reisa minnisvarða til að minnast samstöðu



Reykjavík



kvenna gegn ofbeldi er góðra gjalda verð og því er samþykkt að senda hana til afgreiðslu í mannréttinda- ofbeldisvarnarráði þar sem kallað verður eftir umsögnum og samráði við hagsmunaaðila.

Virðingarfyllst,
Þórhildur Lilja Ólafsdóttir
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna



Reykjavík

Borgarstjórn Reykjavíkur
23. janúar 2024

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis

Lagt til að borgarstjórn samþykki að haldin verði um samkeppni um minnisvarða um #MeToo, fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis, áreitni og nauðgana, sem komið verði fyrir í landi Reykjavíkur.



Reykjavík 25. mars 2024

Efni: Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis

Stígamót þakka fyrir tækifæri til að veita umsögn um tillögu um samkeppni um minnisvarða um #Metoo og vill koma eftirfarandi vangaveltum á framfæri:

Í fyrsta lagi er kominn tími til að einblína á gerendur í ofbeldismálum en ekki þolendur því án gerenda væri ekkert ofbeldi til en síðustu ár og áratugi hefur kastljósið stöðugt verið á brotapolum. Við upprætum ekki ofbeldi fyrr en við beinum kastljósinu að þeim sem beita ofbeldinu frekar en þeim sem verða fyrir því.

Það sem hefur verið kallað #metoo bylgjan átti sér lengri aðdraganda hér á landi enda voru ýmsar samfélagsmiðlabylgjur á undan svo sem #höfumhátt, Beauty tips-byltingin, Free the nipple, Drusluganga o.s.frv. #metoo kom síðar en ef við ætlum að nefna allar þessar bylgjur því nafni þá þarf líka að athuga að sú bylgja eða bylting er enn í gangi. Brotapolar eru enn að berjast við gerendameðvirkni, í íþróttafélögum, fjölmiðlum, vinnumarkaði, stjórnámum, menntakerfi og samfélagsumræðu. Upprisu brotapola er ekki lokið og ekkert bendir til þess að kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sé á undanhaldi – því miður.

Við erum í miðjum storminum í baráttu gegn ofbeldi og ofbeldismenningu og sárlega vantar fjármagn í forvarnaraðgerðir, fræðslu og menntun sem beinist að gerendum eða hugsanlegum gerendum. Ef bornir eru saman fjármunir sem fara til dæmis í íþróttastarf sem hluti forvarna og þeir fjármunir sem fara í ofbeldisforvarnir erum við komin aðeins hænuskref áfram. Jafnréttisskóli Reykjavíkurborgar og samstarf hans við meðal annars Stígamót er flaggskip forvarna á Íslandi en skólinn er vanfjármagnaður miðað við ört vaxandi verkefni síðustu ára.

Það er ekki tímabært að lýsa yfir endalokum #metoo eða reisa minnisvarða um eitthvað sem var þegar staðan er ekki mikið skárri nú en fyrir bylgjurnar. Umræðan hefur vissulega breyst en ofbeldið virðist ekki á undanhaldi og meira að segja eru vísbendingar um bakslag í baráttunni.

Það þarf því að nálgast svona verkefni sem forvarnarmál og ef reisa á eitthvað merki eða tákn þarf það að vera hluti af forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi og virkt sem slíkt og beinast gegn gerendum en ekki að brotapolum. Ef hugmyndin er einungis táknmynd þá er betra að verja fjármunum í forvarnir.

Virðingafyllst,

Drífa Snædal, talskona Stígamóta

Frá: Hagsmunasamtök Brotapola <hagsmunasamtok@outlook.com>

Sent: fimmtudagur, 18. apríl 2024 22:50

Til: Elísabet Pétursdóttir <Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is>

Efni: Re: Afgreiðslubréf - Tillaga um minnisvarða fyrir polendur kynferðisofbeldis - umsagnarbeiðni

Takk fyrir að hafa samband við Hagsmunasamtök brotapola og gefa okkur tækifæri til þess að skrifa umsögn um tillögu að minnisvarða fyrir polendur kynferðisofbeldis.

Minnisvarðar eru reistir til þess að minnast einhvers sem var en raunin er sú að baráttan gegn kynferðisofbeldi er í gangi og enn er langt í land að við náum á þann stað sem þykir ásættanlegur. Nær daglega erum við áminnt á stöðu kynbundins ofbeldis á Íslandi. Polendur stíga fram með frásagnir af ofbeldinu sem þau urðu fyrir og á samfélagsmiðlum, fréttum og í dómum sjáum við hvernig kerfið bregst þeim ítrekað.

Ef við ætlum að ávarpa kynferðislegt ofbeldi verðum við að afhjúpa gerendur og kerfið sem styður ekki við polendur heldur dregur úr líkum á því að brotapolar kæri. Polendur eru orðnir mun sýnilegri en áður og berskjalda sig hvað eftir annað til að afhjúpa kerfið, en gerendur eru enn ósýnilegir og *hvorki samfélagið né kerfið krefur þá um ábyrgð*. Við sjáum þetta svo skýrt meðal annars í máli Alberts Guðmundssonar þar sem landsliðsþjálfari íslenska liðsins í knattspyrnu segir það yrði vonbrigði fyrir Ísland ef polandi kæri ákvörðun um að fella niður mál á hendur Alberti. Þetta er raunveruleikinn sem polendur búa við og á meðan orðræðan gegn polendum er enn svona hávær að þá telja Hagsmunasamtök brotapola alls ekki tímabært að reisa minnisvarða um baráttuna, baráttuna sem polendur eru að berjast í á hverjum einasta degi.

Ljóst er að peningum Reykjavíkurborgar væri betur varið í forvarnarstarf og fræðslu. Að polendur og gerendur skólum borgarinnar geti fengið þá aðstoð og stuðning sem þeir þurfa til að vinna úr slíkum málum þegar þau koma upp í skólum.

Polendur eiga ekki að þurfa að berskjalda sig enn og aftur til að vekja athygli á stöðunni, tími gerenda til að axla ábyrgð er kominn og löngu tímabært að umræðan snúist að þeim.

Með vinsemi Guðný S. Bjarnadóttir fyrir hönd Hagsmunasamtaka brotapola



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík
411 4156
Bt. Elísabet Pétursdóttir
Elisabet.petursdottir1@reykjavik.is

10.04.2024

Efni: Umsögn W.O.M.E.N samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi um tillögu Vinstri grænna minnisvarðar fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis MSS2401073

Samtök kvenna af erlendum uppruna fékk til umsagnar [tillögu Vinstri grænna minnisvarðar fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis](#) sem var lögð fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði þann 23. janúar 2024 og vísuð til umsagnir á fundunum ráðsins þann 14. Mars 2024. Við viljum þakka fyrir tækifæri til að veita umsögn um tillögu.

Tillagan: „*Lagt til að borgarstjórn samþykki að haldin verði samkeppni um minnisvarða um #MeToo, fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis, áreitni og nauðgana, sem komið verði fyrir í landi Reykjavíkur*“

Samtök kvenna af erlendum uppruna fagnar öll umræður um aðgerðir sem koma í veg fyrir þögguninni eða normaliseringu sem fyrirfinnst á kynferðislegu ofbeldi, nauðgunum og áreitni í samtímanum. Mikilvægt er að Borgaryfirvald geri allt sem henni er kleif tum að gera til að útrýma kynbundið ofbeldi og áreitni. Við hjá samtakanna kvenna af erlendum uppruna á Íslandi teljum að fjármagn sem verður lögð í því að standa fyrir að auglýsa og halda utan um samkeppni, kostnaður til listamanna sem sér um hönnun og síðan kostnaður vegna framkvæmd við að reisa minnisvarðar verður betur varað í verkefni tengd forvarna, fræðslu, og /eða sértækt úrræði fyrir jaðarsett hópa eins og konur af erlendum uppruna, kynsegin fólk eða með fatlaðs fólks.

Þegar Samtök kvenna af erlendum uppruna stóð fyrir því að safna saman [frásagnir kvennanna af erlendum uppruna í #metoo byltingar](#) lögðum við fram eftirfarandi áskörun til íslensk samfélags Borgaryfirvald þar með talin:

- *Við skorum á samfélagið að viðurkenna að konur af erlendum uppruna hafa mismunandi þarfir sem þarf að mæta á vinnustöðum þeirra, í samfélaginu og af hálfu þeirra sem veita samfélagslega þjónustu.*
- *Við skorum á samfélagið að viðurkenna að konur af erlendum uppruna eru viðkvæmur hópur sem er útsettur fyrir kerfisbundinni mismunun, ofbeldi og niðurbroti.*
- *Við skorum á samfélagið að innan allra áætlana og ferla sem snúast um að útrýma kynbundinni mismunun, áreitni og ofbeldi sé gert ráð fyrir valdeflingu kvenna af erlendum uppruna.*
- *Við skorum á stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög að tryggja eftirlit og vernd kvenna af erlendum uppruna.*
- *Við skorum á stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög að tryggja öruggar boðleiðir og farvegi til að réttindi kvenna af erlendum uppruna séu virt.*



- *Við undirritum þessa beiðni í þeirri von að þátttaka okkar í #MEtoo byltingunni styrki bönd milli allra þegna samfélagsins og styrki baráttuna gegn kynbundinni mismunun, áreiti og ofbeldi í samfélaginu. Með því leggjum við okkar lóð á vogarskálar þess að búa til betra og öruggara samfélag fyrir okkur öll.*

Við sinnum vikulega jafningaráðgjöf þar sem við erum enn þá að taka á móti frásagnir og beiðni um aðstoð frá konum af erlendum uppunu sem líða fyrir ofbeldi í samfélagi. Þær lýsa einnig fyrir okkar að þegar leitað er eftir aðstoð til ýmis þjónustuaðilar á vegum Reykjavíkurborgar upplifa þær fordóma, skort á stuðning og réttmætt upplýsingamiðlun.

Vert er einnig að taka tilliti til þarf á vitundarvakningu og aðgerðir sem þarf er á tengd uppsveiflu í samfélag vegna rasismi, hatursorðæði, mismun og ofbeldi í garð innflytjendum, flóttafólks og umsækjendur um alþjóðlegri vernd. Við höfum ítrekuð beit okkar fyrir því að taka umræður um undirstaða ofbeldi í samfélagið og það að konur af erlendum uppruna eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu vegna útlendingaandúð og skort á aðgerðir til að sporna gegn því.

Við teljum að baráttu gegn ofbeldi og ofbeldismenningu er enn þá í fullum gangi og það sárlega vantar fjármagn í forvarnaraðgerðir, fræðslu og menntun ekki bara um ofbeldi eining um menningarnæmi fjölbreytileiki, jafngildi og inngildingu.

Stjórn og félagskonur samtakanna vil hvetja ráðsmenn og konur til að fjárfesta frekar í aðgerðir sem koma til að styðja við þeim sem eru að stiga út úr ofbeldis aðstaða eða aðgerðir og verkefnum sem hafa alvöru áhrif á að útrýma ofbeldi og alla undirstaða þess. Hugmynd vegna minnisvarðar í grunninn er falleg en best væri varðveita fjármagn í fólk frekar en einhvers konar táknmynd um ofbeldi sem við erum enn þá að berjast gegn.

F.h. Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

Nichole Leigh Mosty

Nichole Leigh Mosty félagskona



From: [Krfi Íslands](#)
To: [Elísabet Pétursdóttir](#); [Tatjana](#); [Auður Önnu Magnúsdóttir](#)
Subject: RE: Afgreiðslubréf - Tillaga um minnisvarða fyrir þolendur kynferðisofbeldis - umsagnarbeiðni
Date: fimmtudagur, 21. mars 2024 10:36:23

Sæl Elísabet,

Kvenréttindafélag Íslands styður tillöguna.

Kær kveðja

Auður

From: Elísabet Pétursdóttir <Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is>
Sent: Monday, March 18, 2024 4:42 PM
To: stigamot@stigamot.is; drifa@stigamot.is; bjarkarhlid@bjarkarhlid.is; jenny@bjarkarhlid.is; info@womeniniceland.is; logan@womeniniceland.is; Krfi Íslands <krfi@krfi.is>; Tatjana <tatjana@krfi.is>; hagsmunasamtok@outlook.com; druslugangan@gmail.com; johannaeg@landspitali.is
Subject: Afgreiðslubréf - Tillaga um minnisvarða fyrir þolendur kynferðisofbeldis - umsagnarbeiðni

MSS24010173

Góðan dag,

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 14. mars 2024, var samþykkt að vísa meðfylgjandi tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis, til umsagnar eftirfarandi hagsmunaaðila; Stígamóta, Bjarkarhlíðar, Samtaka kvenna af erlendum uppruna W.O.M.E.N, Kvenréttindafélags Íslands, Hagsmunasamtaka brotaþola, Félagsins Druslugangan og Neyðarmóttöku Landspítalans. Óskað er eftir umsögnum hagsmunaaðila innan 30 daga.
Bestu kveðjur/ Best regards,

Elísabet Pétursdóttir (hún-hennar/she-her)

verkefnastjóri/project manager

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/City of Reykjavík Human

Rights and Democracy Office

Ráðhús Reykjavíkur/City Hall

101 Reykjavík, Iceland

Sími: 411 4156 Tel: +354 4114156

elisabet.petursdottir1@reykjavik.is

www.rvk.is